

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Mátis ohf Vínlandsleið 12



<b>Dags eftirlits</b>	8.4.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Mátis ohf	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>	Vínlandsleið 12	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	670906-0190	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hörður G. Kristinsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur H. og Bryndís	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirliti komu ekki fram frávik frá kröfum í starfleyfi en ein athugasemd var gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Starfsleyfið nær yfir almenna erfðatæknivinnu og tjáningu klónaðra gena í þekktum framleiðslustofnum örvera og einnig erfðabreytingar á ýmsum hitakærum bakteríum í því skyni að þróa hentuga stofna fyrir framleiðslu prótína og annarra efna s.s. líf-etanóls. Erfðabreyttar örverur eru ræktaðar í lokuðum tilraunaglösum í rannsóknarskyni. Um er að ræða starfsemi með útgefnu leyfi frá 28. febrúar 2013 til 28. febrúar 2023.

Sest var niður og fundað í upphafi eftirlits. Auk mín og Harðar G. Kristinssonar voru Ólafur H. Friðjónsson og Bryndís Björnsdóttir á fundinum. Farið var yfir kröfur í starfsleyfinu og kom fram að leyfið er að nýtast rekstraraðila vel og ekki er áhugi á að sækja um breytingar á því. Hörður taldi þó að breyta ætti um tengilið við Umhverfisstofnun, sbr. ákvæði 4.1 í starfsleyfi og yrði sú breyting tilkynnt Umhverfisstofnun ef af yrði.

Farið var yfir gátlista og kom fram að engin bilanir hafa orðið í starfstöð, hvorki mengunaróhöpp né skemmdarverk hafa átt sér stað á leyfistíma. Úrgangi sem skal gufusæfa og öðrum úrgangi er fargað í samræmi við leyfisskilyrði. Haldnar eru vinnubækur um aðskilin efni, s.s. nýtingu á aðstöðu, erfðabreyttar lífverur í ræktun, o.fl. sbr. ákvæði 3.2 í starfsleyfi. Einnig um viðhald, eftirlit og bilanir í búnaði, breytingar á tækjabúnaði og þjálfun starfsfólks.

Tvær áætlanir skulu liggja fyrir samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi og voru þær skoðaðar. Uppfæra skal nafn á tengiliði stofnunarinnar í báðum þar sem Ásgeir Björnsson hefur látið af störfum hjá Umhverfisstofnun.

Fram kom að öryggisnefnd er til staðar í húsinu.

Gengið var um aðstöðuna, farið í efnageymslu, þvottaaðstöðu, skoðaðir kælar og frystar, skilvindur, rafdráttaraðstaða og ræktunarskápar. Öllu var vel fyrir komið og ekki er gerð athugasemd við neitt af þessu. Úrgangur er flokkaður og merktur að kröfu móttakanda hans.

Farið var yfir afmörkunarráðstafanir og kom fram að vinnuborð eru af tilskilinni gerð, starfsfólk notar tilskilinn hlífðarfatnað og tveir gufusæfar eru á svæðinu.

Að lokum voru myndir teknar og kvittun fyrir eftirliti afhent.

## ATHUGASEMDIR

Uppfæra skal nöfn tengiliða á tveimur áætlunum, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og viðbragðsáætlun/neyðaráætlun.

## ANNAÐ

12. maí 2015: Nú hafa uppfærðar áætlanir borist stofnuninni og því eru engar útafstandandi athugasemdir.

Reykjavík, 08.05.2015

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.